**Byggðastofnun**
**Þróunarsvið**

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/270
komudagur 25.11.2009

Dagsetning
*24.11.2009*

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vitamál nr. 132/1999, mál 74 og frumvarp til landflutningalaga, mál 58.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreind frumvörp. Stofnunin fagnar því sem fram kom í umræðum um frumvarp til landflutningalaga að vegstyttingar hafi leitt til lækkunar flutningstaxta milli höfuðborgarsvæðisins og Ísafjarðar. Þá finnst Byggðastofnun jákvætt að strandsiglingar skuli vera til skoðunar í samgönguráðuneytinu, með það að markmiði að lækka flutningskostnað til og frá landsbyggðinni.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar*

Heimilisfang Ártorgi 1 550 Sauðárkróki Sími 455 5400 Bréfsími 455 4477 Netfang gg@byggdastofnun.is Heimasíða http://www.byggdastofnun.is

Cruise Iceland

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/82
komudagur 10.11. 2009

# Ályktun frá Cruise Iceland

***Vegna breytinga á lögum um vitamál sem hækkar vitagjald um 100%***

Samtökin Cruise Iceland gera alvarlegar athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum um vitamál, þingskjal 74, þar sem lagt er til að vitagjald hækki um 100%. Í breytingartillögunum er gert ráð fyrir að vitagjaldið hækki úr 78,20 kr. á brúttótonn í 156,50 krónur, sem er 100% hækkun.

Í nokkur undanfarin ár hafa fyrirtæki í Cruise Iceland samtökunum markaðssett Ísland sem áfangastað fyrir skemmtiferðaskip og hefur sú vinna borið árangur. Í ár komu 80 skemmtiferðaskip til Reykjavíkur og með þeim 69.000 farþegar og til Akureyrar komu 58 skip með 47.000 farþega og auk þess heimsóttu skemmtiferðaskip Grundarfjörð, Vestmannaeyjar, Ísafjörð, Seyðisfjörð, Hafnarfjörð, Djúpavog og Húsavík. Mikil samkeppni er á milli hinna mörgu áfangastaða í Evrópu um að fá skemmtiferðaskip enda gefa komur skipanna drjúgan efnahagslegan ábata fyrir viðkomandi svæði.

Öll viðbótargjöld og kostnaður við komur til íslenskra hafna fer einfaldlega út í miðaverðið hjá skemmtiferðaskipunum. Íslandsferðin verður dýrari og þar af leiðandi hafa færri efni á að koma til Íslands. Um þetta höfum við dæmi frá Noregi og Alaska. Í Noregi var settur á svo kallaður NOx skattur, sem er umhverfisgjald, og við það fækkaði komum skipa til Noregs auk þess að mikil óánægja ríkti með tímasetningu og tilgang (leysi) gjaldsins. Í Alaska var nýlega settur á US $50 skattur á farþega sem koma með skemmtiferðaskipum og við það mun ferðamönnum fækka um 140.000 en samtals koma um það bil ein milljón ferðmanna til Alaska með skemmtiferðaskipum árlega. Helsta gagnrýni á báða þessa skatta var í fyrsta lagi; skatturinn var talinn of hár, í öðru lagi; mjög óljóst var í hvað skatttekjurnar áttu að notast og í þriðja lagi var það gagnrýnt að enginn tími var gefinn til þess að skipafélögin gætu aðlagað sig að þessum nýja skatti. Niðurstaðan er sú að í Noregi hefur skatturinn verið lækkaður og í Alaska logar allt í málaferlum.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir að hækkunin samsvari breytingu gengis, sé miðað við Evru, og er það jafnframt réttlæting hækkunarinnar um 100%. Með þessu er átt við að útlendingar muni borga sömu upphæð nú miðað við evru og greitt var fyrir einhverjum árum síðan. Forsvarsmenn Cruise Iceland benda á eftirfarandi þætti sem munu vinna gegn komum skemmtiferðaskipa til Íslands, gangi þessi 100% hækkun eftir:

a. Það er óumdeilt að gengi íslensku krónunnar hefur verið of hátt skráð í mörg undanfarin ár og þess vegna almennt talið að Ísland væri mjög dýrt ferðamannaland. Með því að hækka vitagjald um 100% er gjaldið, umreiknað í evrur, sett á sama stað og það var á hágengisárunum sem þýðir einfaldlega að stjórnvöld eru að snúa hjólinu

til baka yfir í hágengisstefnuna sem ríkti á þessum tíma. Væntingar erlendra ferðalanga til Íslands í framtíðinni endurspeglast best í því að Lonely Planet ferðahandbókin velur Ísland í sæti númer eitt og skýringarnar á valinu eru einfaldlega þær að nú sé verðlagið komið í eðlilegt horf eftir hrunið.

> *„Hefur ykkur alltaf langað til að uppgötva þetta dularfulla land? Kanna jöklana og eldfjöllin og velta sér í heitum laugum? Hætt við það vegna verðsins?"* (Frétt frá Ferðamálastofu 3. Nóv. 2009)

> *„The economic collapse in Iceland meant the island was no longer punitively expensive, said the guide, putting the beleaguered country at the top of its best-value list."* (Umfjöllun Google netmiðilsins 2. Nóv. 2009)

b. Útgerðir skemmtiferðaskipa skipuleggja ferðir skipa sinna tvö ár fram í tímann og kostnaðar- og tekjureikna ferðir í samræmi við verð hvers tíma. Kostnaðarhækkanir án fyrirvara hafa því áhrif á tekjur allt að tvö ár fram í tímann.

c. Efnahagsaðgerðir stjórnvalda miða markvisst að því að styrkja gengi krónunnar og þá mun vitagjaldið auðvitað hækka mælt í evrum.

d. Skattheimta af erlendum ferðamönnum er nokkur nú þegar og fer vaxandi og nú er til umræðu að leggja á nýjan skatt sem nota á í uppbyggingu á vinsælum ferðamanna stöðum. Cruise Iceland hefur nú þegar mótmælt þessari skattheimtu á öðrum vettfangi.

e. 100% hækkun vitagjalds er í hróplegu ósamræmi við áætlaða 4,5% hækkun gjaldskrár hafna á þessu ári enda er nú svo komið að vitagjald verður hærra en hafnargjöldin.

f. Útgerðarmenn skemmtiferðaskipa þekkja til á Íslandi og hafa hér umboðsmenn. Þessi 100% hækkun fer því ekki framhjá neinum og mun skapa okkur slæmt orðspor sem mun hafa neikvæð áhrif á umræðuna um Ísland sem viðkomustaðar.

g. Til Reykjavíkur koma að jafnaði 1.600 skip á ári og þar af 80 skemmtiferðaskip árið 2009. Þessi 80 skemmtiferðaskip greiddu 1/3 af heildartekjum ríkissjóðs af vitagjaldi. Á næsta ári hafa 65 skemmtiferðaskip bókað komu sína til Reykjavíkur og er samanlögð brúttótonnatala þeirra 2,6 milljón tonn sem þýðir að tekjur ríkissjóðs verða 104 milljónir króna ef frumvarpið verður samþykkt. Spyrja má hvort það sé eðlilegt að 65 skemmtiferðaskip greiði 1/3 af heildartekjum vitagjalds og í viðbót á nú að breyta lögum á þann veg að skatttekjurnar notist í almennan rekstur Siglingastofnunnar.

Cruise Iceland hvetur stjórnvöld til að endurskoða ákvörðunina um að hækka vitagjald um 100%.

Reykjavik 9. Nóvember 2009
Cruise Iceland

Ágúst Ágústsson, stjórnarformaður

Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/213
komudagur 23.11.2009

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 22. nóvember 2009

Efni: Umsögn um breytingar á lögum um vitamál, nr. 132/1999, mál. 74.

Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um vitamál eru lagðar til tvær breytingar á núgildandi lögum.

Í fyrsta lagi að færa fjármagn á milli ára sem væntanlega snýr að rekstrarhagræðingu hjá Siglingarstofnunar Íslands.

Í öðru lagi að hækka gjaldskrár verulega.

VM gerir ekki athugasemdir við rekstrarhagræðingu hjá Siglingarstofnun svo framarlega að tryggt er að verkefni sem snúa að vitamálum fái fjármagnið sem af þessum gjöldum koma. VM vill benda á varðandi þessa miklu hækkun á gjöldunum, að kallað verði eftir því við Siglingarstofnun Íslands að hún reyni eftir megni að mæta auknum kostnaði með hagræðingu því á þessu svið sem og öðru verður ekki hægt að leysa öll vandamál hinna ýmsu stofnanna með auknum álögum. Það er spurning hvað þeir sem gjöldin greiða þola í endalausum álögum á öllum sviðum.

Aðal málið er að gjaldið tryggi, að sem bestur og öruggastur rekstur sé á leiðarkerfum fyrir sjófarendur við landið til að tryggja öryggi þeirra.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmtæknimanna

Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.

VM – Stórhöfða 25 – 110 Reykjavík – sími 575 9800 – fax 575 9809 – www.vm.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/99
komudagur 12.11. 2009

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Alþingi samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 9. nóvember 2009

0911002HA MKH/-
Málalykill: 613

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vitalögum, nr. 132/1999, þskj. 74 – 74. mál**

Hafnasambandi Íslands hefur borist erindi samgöngunefndar Alþingis, dags. 7. nóvember 2009, þar sem óskað er umsagnar hafnasambandsins á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vitamál, hækkun vitagjalds.

Á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands, sem haldinn var 2. nóvember 2009, var fjallað um hugmyndir ríkisstjórnarinnar um álagningu umhverfisgjalda á ferðamenn og hækkun vitagjalds. Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum og er hún hér með send sem umsögn hafnasambandsins um framangreint mál:

*Stjórn Hafnasambands Íslands mótmælir harðlega öllum hugmyndum um upptöku nýs skatts á ferðamenn á Íslandi og hækkun vitagjalds, en hvort tveggja mun leiða til aukinnar gjaldtöku af farþegum og útgerðum skemmtiferðaskipa sem leggja leið sína til landsins.*

*Stjórn hafnasambandsins skorar á ríkisstjórnina að endurskoða þessar fyrirætlanir, sem munu ef af verður skaða þá markaðssetningu sem hafnir og ferðaþjónustuaðilar hafa staðið fyrir á liðnum árum varðandi skemmtiferðaskipin og fækka verulega komum þessara skipa til landsins. Það mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar til hins verra fyrir fjárhag þeirra hafna, sem skemmtiferðaskipin hafa átt viðskipti við eða stefna að viðskiptum við.*

***Greinargerð:***

*Nú er að störfum nefnd fjármálaráðuneytisins sem skoðar valkosti um skattlagningu vegna komu ferðamanna til Íslands, þ.m.t. skatt á farþega skemmtiferðaskipa. Þá liggur fyrir tillaga um tvöföldun svonefnds vitagjalds, sem skilar ríkissjóði nú þegar 145 m.kr., en er áætlað að skili um 290 m.kr. á árinu 2010. Stjórn Hafnasambands Íslands hefur skilning á þörf ríkissjóðs til frekari tekjuöflunar, en varar við handahófskenndri skattlagningu af þessum toga. Á síðustu árum hafa hafnir og ferðaþjónustuaðilar unnið öflugt markaðsstarf við að fjölga komum skemmtiferðaskipa til Íslands og hefur farþegum með þessum skipum einnig fjölgað verulega. Ríkissjóður hefur notið góðs af þessari markaðssetningu án þess að leggja fram teljandi fjármuni. Stjórn Hafnasambands Íslands hvetur ráðherra ríkisstjórnarinnar að gæta hófs í nýrri skattlagningu af þessum toga og varar við afleiðingum óskynsamlegrar skattlagningar. Þá undrast stjórnin að á sama tíma og hafnir, sem flestar standa afar höllum fæti fjárhagslega, eru hvattar til að gæta hófs í breytingum á gjaldskrám, þá gengur ríkissjóður fram í veigamiklum hækkunum skatta. Stjórn Hafnasambands Íslands bendir á eftirfarandi í þessu efni:*

*a) Ný skattlagning á farþega skemmtiferðaskipa heggur í heimildir hafna til gjaldtöku samkvæmt hafnalögum.*

Borgartún 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, sími 515 4900, fax 515 4903, hafnasamband@samband.is, www.hafnasamband.is

b) *Bent er á reynslu frá Alaska og Noregi þar sem vanhugsuð gjöld drógu úr fjölda ferðamanna.*

c) *Af hálfu hafna kemur ekki til greina að hafnirnar annist innheimtu fyrir ríkissjóð á nýjum farþegarskatti.*

d) *Samkvæmt lögum er gert ráð fyrir að vitagjald standi undir rekstri Siglingastofunar. Þar er nú gert ráð fyrir 10% niðurskurði og verulegum breytingum á starfsemi stofnunarinnar þannig að hækkun vitagjaldsins er augljóslega hugsuð sem nýr tekjustofn ríkissjóðs.*

e) *Hækkun vitagjaldsins mun væntanlega nema hærri fjárhæð en heildarhækkun hafna á gjaldskrám sínum fyrir árið 2010.*

f) *Hækkun vitagjaldsins og nýr farþegaskattur munu skaða þá markaðssetningu sem hafnir og ferðaþjónustuaðilar hafa staðið fyrir á liðnum árum varðandi skemmtiferðaskipin.*

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason

Gísli Gíslason
formaður

Afrit: Samband íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, 128 - REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/244
komudagur 24.11.2009

LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA
Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

**Alþingi - Samgöngunefnd**
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2009
*Mál nr. 0911009*

**Efni: Umsögn, um breytingu á lögum um vitamál nr. 132/1999**

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn samtakanna varðandi frumvarp um breytingu á lögum um vitamál, þskj. 74 – 74. mál.

Með frumvarpinu er lögð til grundvallarbreyting um að breyta vitagjaldinu í skatt, í stað þjónustugjalds, með því að víkka gjaldheimild vitagjaldsins "og hún notuð til að standa straum af rekstri og framkvæmdum á vegum Siglingastofnunar". Í frumvarpinu segir ennfremur að tilgangur frumvarpsins sé að hækka vitagjaldið "í samræmi við verðlagsbreytingar og þróun gengis."

Varðandi vitagjaldið sjálft þá stendur það straum af kostnaði sem hlýst af rekstri þeirrar starfsemi sem verður fyrir áhrifum af verðlagsbreytingum. Það er eðlilegt að taka tillit til þeirrar hækkunar, en ekki verður séð af frumvarpinu hvaða beinu tengsl séu á milli þróun gengis evru og ákvörðun vitagjaldsins.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, þá á almennur kostnaður við starfrækslu Siglingastofnunar Íslands að greiðast af framlögum af fjárlögum. Við sjáum ekki tilefni til þess að breyta vitagjaldinu úr þjónustugjaldi í skatt og leggjum til að horfið verði frá því.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/271
komudagur 25.11.2009

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

**Samgöngunefnd Alþingis**

23. nóvember 2009

Efni: Umsögn Landssambands smábátaeigenda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999

Landssamband smábátaeigenda gerir þá athugasemd við frumvarpið að í stað hækkunar á lágmarksgjaldi verði gjald vegna komu erlendra skipa, sem setja farþega eða vörur í land, hækkað. Í stað þess að skipin greiði fjórðung gjaldsins verði þeim gert að greiða þriðjung þess eins og getið er um í 8. gr. L. 132/1999.

Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í frumvarpi til laga um vitamál 1999 er gjaldskráin hér aðeins þriðjungur af því sem hún er í Bretlandi. Með hækkuninni sem LS leggur til er því aðeins verið að gæta samræmis við gjaldtöku annarra þjóða.

**Virðingarfyllst**

Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda

Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík • sími 552 7922 • fax 562 6590
ls@smabatar.is • www.smabatar.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/212
komudagur 23.11.2009

20.11.2009

Til samgöngunefndar Alþingis

Vísað er til erindis nefndarsviðs, varðandi frumvarp til laga um vitamál, 74. mál. 138. löggjafarþings.

Sambandið hefur ekki athugasemdir við frumvarpið og lætur því ekki í té umsögn um það.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Tryggvi Þórhallsson lögfr.

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/171
komudagur 17.11. 2009

Yfirlit vegna tillögu um hækkun vitagjalds.

**Skip á aðalskipaskrá.**

Vitagjald er kr. 78,20 á hvert brúttótonn skips, en lagt er til að það hækki um 100% í kr. 156,50 á hvert brúttótonn. Lágmarksgjald er kr. 3.500 og hækkar í kr. 4.900, sem er 40% hækkun. Skip undir 31,3 brúttótonnum munu því greiða lágmarksgjald, en skv. gildandi lögum greiða skip undir 44,7 brúttótonnum lágmarksgjald.

| | | |
|---|---|---|
| 1.889 skip eiga að greiða lágmarksgjald | kr. | 9.256.100 |
| 345 skip munu greiða kr. 156,50 á hvert brúttótonn, en í þennan flokk munu falla skip sem áður greiddu lágmarksgjald, sbr lista hér á eftir | kr. | 26.953.233 |
| Álagt vitagjald 2010 (brúttó) verður samkvæmt tillögu | kr. | 36.209.333 |
| Álagt vitagjald 2009 (brúttó) var | kr. | 20.944.664 |

Það athugist að ofanritað er miðað við álagningu á öll skráð skip. Fjöldi skipa nýtur undanþágu, sbr. 4. mgr. L. nr. 132/1999 um vitamál.

| **Erlend skip:** | | **BT** | | **Frá 2001 í krónum** | **Frumvarp í krónum** | Hækkun í % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Brúarfoss, Selfoss, Blikur og Reykjafoss að meðaltali | | 7.630 | 4 komur eða fleiri | 596.666 | 1.194.095 | 100,1 |
| Selfofs og Dettifoss hvert skip um sig | | 14.664 | 4 komur eða fleiri | 1.146.725 | 2.294.916 | 100,1 |
| Arnarfell og Helgafell hvert skip um sig | | 8.830 | 4 komur eða fleiri | 690.506 | 1.381.895 | 100,1 |
| Hvassafell | | 10.546 | 4 komur eða fleiri | 824.697 | 1.650.449 | 100,1 |
| Spirit of Adventure | Skemmtiferðaskip | 9.570 | 1 koma | 187.094 | 374.426 | 100,1 |
| Albatros | Skemmtiferðaskip | 28.518 | 1 koma | 557.527 | 1.115.767 | 100,1 |
| Aidaaura | Skemmtiferðaskip | 42.289 | 1 koma | 826.750 | 1.654.557 | 100,1 |
| Sea Princess | Skemmtiferðaskip | 77.499 | 1 koma | 1.515.105 | 3.032.148 | 100,1 |
| Crown Princess | Skemmtiferðaskip | 116.000 | 1 koma | 2.267.800 | 4.538.500 | 100,1 |
| Federal Margaree | Súrálsskip | 18.825 | 1 koma | 368.029 | 736.528 | 100,1 |
| Lowlands Opal | Súrálsskip | 30.670 | 1 koma | 599.599 | 1.199.964 | 100,1 |

| **Erlend skip:** | | **BT** | | **pr.1/7´07 í EUR** | **Frumvarp pr.13/11'09 í EUR** | **í %** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Brúarfoss, Selfoss, Blikur og Reykjafoss að meðaltali | | 7.630 | 4 komur eða fleiri | 7.101 | 6.398 | -9,9 |
| Selfofs og Dettifoss hvert skip um sig | | 14.664 | 4 komur eða fleiri | 13.648 | 12.295 | -9,9 |
| Arnarfell og Helgafell hvert skip um sig | | 8.830 | 4 komur eða fleiri | 8.218 | 7.404 | -9,9 |
| Hvassafell | | 10.546 | 4 komur eða fleiri | 9.815 | 8.842 | -9,9 |
| Spirit of Adventure | Skemmtiferðaskip | 9.570 | 1 koma | 2.227 | 2.006 | -9,9 |
| Albatros | Skemmtiferðaskip | 28.518 | 1 koma | 6.636 | 5.978 | -9,9 |
| Aidaaura | Skemmtiferðaskip | 42.289 | 1 koma | 9.840 | 8.864 | -9,9 |
| Sea Princess | Skemmtiferðaskip | 77.499 | 1 koma | 18.033 | 16.245 | -9,9 |
| Crown Princess | Skemmtiferðaskip | 116.000 | 1 koma | 26.991 | 24.316 | -9,9 |
| Federal Margaree | Súrálsskip | 18.825 | 1 koma | 4.380 | 3.946 | -9,9 |
| Lowlands Opal | Súrálsskip | 30.670 | 1 koma | 7.136 | 6.429 | -9,9 |
| | | Miðað er við gengi Evru | kr. | 84,02 | 186,65 | 122,1 |

Úr 1. mg. 8. gr. l.132/1999 um vitamál:

......Af erlendum skipum sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða fjórðung vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó ekki oftar en fjórum sinnum á hverju almanaksári......

| skipnr | Nafn skips | Heimahöfn | bruttoton | Notkunarteg | Frá 2002 | Frumvarp | í % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0357 | VER | REYKJAVÍK | 31 | FISKISKIP | 3.500 | 4.916 | 40,4 |
| 2660 | ARNAR | STYKKISHÓLMUR | 32 | FISKISKIP | 3.500 | 4.938 | 41,1 |
| 2753 | GUÐRÚN | HRÍSEY | 32 | FISKISKIP | 3.500 | 4.983 | 42,4 |
| 0626 | JÖKULL ÓÐINN | KÓPAVOGUR | 32 | FISKISKIP | 3.500 | 5.008 | 43,1 |
| 1354 | HILDUR | HÚSAVÍK | 32 | SKEMMTISKIP | 3.500 | 5.008 | 43,1 |
| 2748 | BJARNI ÞÓR | GRINDAVÍK | 32 | DRÁTTARSKIP | 3.500 | 5.021 | 43,4 |
| 7511 | CROMA | KÓPAVOGUR | 32 | SKEMMTISKIP | 3.500 | 5.055 | 44,4 |
| 2738 | ANDREA | AKRANES | 32 | FARÞEGASKIP | 3.500 | 5.077 | 45,1 |
| 1919 | SKRÚÐUR | NESKAUPSTAÐUR | 33 | FARÞEGASKIP | 3.500 | 5.165 | 47,6 |
| 1438 | SALKA | SANDGERÐI | 33 | FISKISKIP | 3.500 | 5.165 | 47,6 |
| 1470 | PÉTUR AFI | ÓLAFSVÍK | 33 | FISKISKIP | 3.500 | 5.165 | 47,6 |
| 1811 | ASKUR | GRINDAVÍK | 33 | FISKISKIP | 3.500 | 5.172 | 47,8 |
| 0610 | JÓN JÚLÍ | TÁLKNAFJÖRÐUR | 34 | FISKISKIP | 3.500 | 5.321 | 52,0 |
| 2424 | AQUARIUS | REYKJAVÍK | 34 | SEGLSKIP | 3.500 | 5.321 | 52,0 |
| 2196 | FJÖLVI | KÓPAVOGUR | 34 | PRAMMI | 3.500 | 5.396 | 54,2 |
| 2047 | SÆBJÖRG | GRÍMSEY | 35 | FISKISKIP | 3.500 | 5.423 | 54,9 |
| 1403 | HALLDÓR SIGURÐSSO | ÍSAFJÖRÐUR | 35 | FISKISKIP | 3.500 | 5.478 | 56,5 |
| 0399 | ANÍTA | KEFLAVÍK | 35 | FISKISKIP | 3.500 | 5.478 | 56,5 |
| 2241 | ANDREA II | AKRANES | 36 | FARÞEGASKIP | 3.500 | 5.634 | 61,0 |
| 1475 | GUNNAR HALLDÓRS | BOLUNGARVÍK | 36 | FISKISKIP | 3.500 | 5.634 | 61,0 |
| 2642 | STURLA HALLDÓRSSO | ÍSAFJÖRÐUR | 37 | HAFNSÖGU/DRÁTTAI | 3.500 | 5.808 | 65,9 |
| 1611 | EIÐUR | ÓLAFSFJÖRÐUR | 39 | FISKISKIP | 3.500 | 6.036 | 72,5 |
| 1436 | JAKOB EINAR | GRUNDARFJÖRÐUR | 40 | FISKISKIP | 3.500 | 6.260 | 78,9 |
| 1543 | GUNNVÖR | ÍSAFJÖRÐUR | 40 | FISKISKIP | 3.500 | 6.327 | 80,8 |
| 2623 | GUNNBJÖRG | RAUFARHÖFN | 41 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.374 | 82,1 |
| 2629 | HAFBJÖRG | NESKAUPSTAÐUR | 41 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.374 | 82,1 |
| 2474 | JÓN ODDGEIR | REYKJAVÍK | 41 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.374 | 82,1 |
| 2679 | SVEINBJÖRN SVEINSS | VOPNAFJÖRÐUR | 41 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.374 | 82,1 |
| 2681 | VÖRÐUR II | PATREKSFJÖRÐUR | 41 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.374 | 82,1 |
| 2683 | SIGURVIN | SIGLUFJÖRÐUR | 41 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.374 | 82,1 |
| 2593 | EINAR SIGURJÓNSSON | HAFNARFJÖRÐUR | 41 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.374 | 82,1 |
| 2637 | HÚNABJÖRG | SKAGASTRÖND | 41 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.374 | 82,1 |
| 2638 | INGIBJÖRG | HÖFN Í HORNAFIRÐI | 41 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.374 | 82,1 |
| 2742 | GUNNAR FRIÐRIKSSON | ÍSAFJÖRÐUR | 41 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.374 | 82,1 |
| 2541 | ÁSGRÍMUR S. BJÖRNS | REYKJAVÍK | 41 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.417 | 83,3 |
| 2542 | BJÖRG | RIF | 41 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.417 | 83,3 |
| 2250 | SLEIPNIR | AKUREYRI | 41 | DRÁTTARSKIP | 3.500 | 6.417 | 83,3 |
| 2743 | ODDUR V. GÍSLASON | GRINDAVÍK | 42 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.523 | 86,4 |
| 2310 | HANNES Þ. HAFSTEIN | SANDGERÐI | 42 | BJÖRGUNARSKIP | 3.500 | 6.573 | 87,8 |
| 2487 | ÖLVER | ÞORLÁKSHÖFN | 42 | DRÁTTARSKIP | 3.500 | 6.573 | 87,8 |
| 2396 | LEYNIR | AKRANES | 42 | LÓÐSSKIP | 3.500 | 6.573 | 87,8 |
| 1575 | NJÁLL | REYKJAVÍK | 43 | FISKISKIP | 3.500 | 6.801 | 94,3 |
| 2274 | SANDVÍK | ÓLAFSVÍK | 44 | FISKISKIP | 3.500 | 6.822 | 94,9 |
| 1927 | BIRTA | ÓLAFSVÍK | 44 | FISKISKIP | 3.500 | 6.886 | 96,7 |
| 2627 | SIGURRÓS | DJÚPIVOGUR | 44 | VINNUSKIP | 3.500 | 6.895 | 97,0 |
| 1541 | KAFARI | AKRANES | 47 | RANNSÓKNARSKIP | 3.664 | 7.334 | 100,1 |
| 2042 | BJÖRN LÓÐS | HORNAFJÖRÐUR | 48 | LÓÐSSKIP | 3.743 | 7.492 | 100,1 |
| 2503 | HERKÚLES | REYKJAVÍK | 48 | DRÁTTARSKIP | 3.776 | 7.557 | 100,1 |
| 1075 | AUSTURBORG | HELLISSANDUR | 49 | FISKISKIP | 3.832 | 7.669 | 100,1 |
| 1487 | NÚMI | HAFNARFJÖRÐUR | 50 | FISKI,FARÞEGASKIP | 3.897 | 7.798 | 100,1 |
| 0500 | GUNNAR HÁMUNDARS | GARÐUR | 50 | FISKISKIP | 3.910 | 7.825 | 100,1 |
| 1305 | GARÐAR | GARÐUR | 51 | FISKISKIP | 3.988 | 7.982 | 100,1 |
| 1420 | KEILIR | SIGLUFJÖRÐUR | 52 | FISKISKIP | 4.066 | 8.138 | 100,1 |
| 0711 | SIF | HVAMMSTANGI | 52 | FISKISKIP | 4.066 | 8.138 | 100,1 |
| 0530 | HAFRÚN | SKAGASTRÖND | 53 | FISKISKIP | 4.145 | 8.295 | 100,1 |
| 1081 | VALÞÓR | SEYÐISFJÖRÐUR | 54 | FISKISKIP | 4.223 | 8.451 | 100,1 |
| 2330 | ESJAR | RIF | 55 | FISKISKIP | 4.322 | 8.650 | 100,1 |
| 0993 | NÁTTFARI | HÚSAVÍK | 57 | FARÞEGASKIP | 4.457 | 8.921 | 100,1 |
| 0472 | GÆSKUR | REYKJAVÍK | 57 | SKEMMTISKIP | 4.457 | 8.921 | 100,1 |
| 2323 | HAFBORG | GRÍMSEY | 58 | FISKISKIP | 4.510 | 9.025 | 100,1 |
| 0926 | ÞORSTEINN | GRINDAVÍK | 58 | FISKISKIP | 4.536 | 9.077 | 100,1 |

| skipnr | Nafn skips | Heimahöfn | bruttoton | Notkunarteg | Frá 2002 | Frumvarp | í % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2395 | ÁSDÍS | GRINDAVÍK | 59 | FISKISKIP | 4.614 | 9.234 | 100,1 |
| 1968 | ALDAN | ÍSAFJÖRÐUR | 59 | FISKISKIP | 4.614 | 9.234 | 100,1 |
| 0467 | SÆLJÓS | ÞORLÁKSHÖFN | 59 | FISKISKIP | 4.614 | 9.234 | 100,1 |
| 0892 | HEDDI FRÆNDI | HRÍSEY | 60 | FISKISKIP | 4.692 | 9.390 | 100,1 |
| 1178 | GÆFA | VESTMANNAEYJAR | 61 | FISKISKIP | 4.770 | 9.547 | 100,1 |
| 0741 | GRÍMSEY | DRANGSNES | 61 | FISKISKIP | 4.770 | 9.547 | 100,1 |
| 0853 | SANDVÍK | GRINDAVÍK | 61 | FISKISKIP | 4.770 | 9.547 | 100,1 |
| 0450 | ELDEY | GRINDAVÍK | 62 | FISKISKIP | 4.848 | 9.703 | 100,1 |
| 1636 | FARSÆLL | GRINDAVÍK | 62 | FISKISKIP | 4.848 | 9.703 | 100,1 |
| 1405 | TRÖLLI | HORNAFJÖRÐUR | 63 | DÝPK. OG SANDSKIP | 4.927 | 9.860 | 100,1 |
| 0464 | ÞORRI | VESTMANNAEYJAR | 63 | FISKISKIP | 4.927 | 9.860 | 100,1 |
| 2340 | VALGERÐUR | PATREKSFJÖRÐUR | 65 | FISKISKIP | 5.045 | 10.096 | 100,1 |
| 1068 | SÆLJÓS | SANDGERÐI | 65 | FISKISKIP | 5.063 | 10.132 | 100,1 |
| 0462 | BROKEY | PATREKSFJÖRÐUR | 65 | FISKISKIP | 5.083 | 10.173 | 100,1 |
| 1126 | HARPA | HVAMMSTANGI | 65 | FISKISKIP | 5.083 | 10.173 | 100,1 |
| 1318 | BENJAMÍN GUÐMUNDS | ÓLAFSVÍK | 66 | FISKISKIP | 5.190 | 10.387 | 100,1 |
| 2489 | HAMAR | HAFNARFJÖRÐUR | 67 | DRÁTTARSKIP | 5.239 | 10.486 | 100,1 |
| 7660 | REGINA DEL MAR | REYKJAVÍK | 67 | FARÞEGASKIP | 5.239 | 10.486 | 100,1 |
| 0619 | LÁRA MAGG | SÚÐAVÍK | 67 | FISKISKIP | 5.239 | 10.486 | 100,1 |
| 1269 | AÐALBJÖRG II | REYKJAVÍK | 67 | FISKISKIP | 5.239 | 10.486 | 100,1 |
| 2150 | SIGURPÁLL | GRINDAVÍK | 68 | FISKISKIP | 5.303 | 10.612 | 100,1 |
| 1755 | AÐALBJÖRG | REYKJAVÍK | 68 | FISKISKIP | 5.318 | 10.642 | 100,1 |
| 2400 | HAFDÍS | GRINDAVÍK | 68 | FISKISKIP | 5.332 | 10.672 | 100,1 |
| 0733 | REYNIR | GRINDAVÍK | 70 | FISKISKIP | 5.474 | 10.955 | 100,1 |
| 1990 | EGILL | ÞINGEYRI | 70 | FISKISKIP | 5.476 | 10.958 | 100,1 |
| 1979 | ÞORSTEINN | PATREKSFJÖRÐUR | 71 | FISKISKIP | 5.552 | 11.112 | 100,1 |
| 0923 | RÖSTIN | SANDGERÐI | 72 | FISKISKIP | 5.630 | 11.268 | 100,1 |
| 2074 | BALDUR | REYKJAVÍK | 73 | EFTIRLITS- OG BJÖR | 5.674 | 11.356 | 100,1 |
| 0616 | STEFÁN RÖGNVALDSS | BLÖNDUÓS | 73 | FISKISKIP | 5.709 | 11.425 | 100,1 |
| 0617 | DÚA | REYKJAVÍK | 73 | FISKISKIP | 5.709 | 11.425 | 100,1 |
| 0586 | STORMUR | HELLISSANDUR | 74 | FISKISKIP | 5.787 | 11.581 | 100,1 |
| 1371 | HANNES ANDRÉSSON | GRUNDARFJÖRÐUR | 75 | FISKISKIP | 5.890 | 11.788 | 100,1 |
| 1434 | ÞORLEIFUR | GRÍMSEY | 77 | FISKISKIP | 6.020 | 12.047 | 100,1 |
| 2101 | SÆGRÍMUR | GRINDAVÍK | 77 | FISKISKIP | 6.021 | 12.051 | 100,1 |
| 0288 | ARNAR Í HÁKOTI | ÓLAFSVÍK | 79 | FISKISKIP | 6.182 | 12.371 | 100,1 |
| 7450 | ÍSLENDINGUR | REYKJAVÍK | 80 | VÍKINGASKIP | 6.227 | 12.462 | 100,1 |
| 1527 | BRIMNES | PATREKSFJÖRÐUR | 84 | FISKISKIP | 6.569 | 13.146 | 100,1 |
| 2144 | EIÐSVÍK | REYKJAVÍK | 86 | PRAMMI | 6.744 | 13.497 | 100,1 |
| 1231 | ÁSTA | GARÐUR | 89 | FISKISKIP | 6.960 | 13.929 | 100,1 |
| 0363 | MARON | GRINDAVÍK | 92 | FISKISKIP | 7.194 | 14.396 | 100,1 |
| 0163 | JÓHANNA MARGRÉT | SIGLUFJÖRÐUR | 92 | FISKISKIP | 7.205 | 14.420 | 100,1 |
| 0013 | BÚDDI | KEFLAVÍK | 93 | FISKISKIP | 7.272 | 14.553 | 100,1 |
| 2756 | JÖTUNN | GRUNDARTANGI | 96 | DRÁTTARSKIP | 7.485 | 14.980 | 100,1 |
| 2734 | VÖTTUR | REYÐARFJÖRÐUR | 96 | HAFNSÖGU/DRÁTTAI | 7.485 | 14.980 | 100,1 |
| 2325 | ARNÞÓR | GARÐUR | 107 | FISKISKIP | 8.362 | 16.735 | 100,1 |
| 1047 | ELDING | REYKJAVÍK | 107 | FARÞEGASKIP | 8.380 | 16.771 | 100,1 |
| 0260 | GARÐAR | HÚSAVÍK | 109 | FARÞEGASKIP | 8.506 | 17.023 | 100,1 |
| 0795 | DRÍFA | GRUNDARFJÖRÐUR | 109 | FISKISKIP | 8.514 | 17.040 | 100,1 |
| 1855 | ÓSK | KEFLAVÍK | 113 | FISKISKIP | 8.837 | 17.685 | 100,1 |
| 1856 | RIFSARI | RIF | 114 | FISKISKIP | 8.894 | 17.800 | 100,1 |
| 2454 | SIGGI BJARNA | GARÐUR | 116 | FISKISKIP | 9.060 | 18.132 | 100,1 |
| 2430 | BENNI SÆM | GARÐUR | 116 | FISKISKIP | 9.060 | 18.132 | 100,1 |
| 2464 | SÓLBORG | REYKJAVÍK | 116 | FISKISKIP | 9.060 | 18.132 | 100,1 |
| 0241 | HRÖNN | ÍSAFJÖRÐUR | 122 | FISKISKIP | 9.540 | 19.093 | 100,1 |
| 2462 | GUNNAR BJARNASON | ÓLAFSVÍK | 122 | FISKISKIP | 9.575 | 19.162 | 100,1 |
| 2463 | MATTHÍAS | RIF | 122 | FISKISKIP | 9.575 | 19.162 | 100,1 |
| 0137 | SURPRISE | HAFNARFJÖRÐUR | 127 | FISKISKIP | 9.953 | 19.918 | 100,1 |
| 1244 | BLÓMFRÍÐUR | ÓLAFSVÍK | 128 | FISKISKIP | 10.031 | 20.076 | 100,1 |
| 5935 | SELUR I | HAFNARFJÖRÐUR | 131 | PRAMMI | 10.227 | 20.467 | 100,1 |
| 0108 | HÚNI II | AKUREYRI | 132 | FARÞEGASKIP | 10.333 | 20.680 | 100,1 |
| 2686 | MAGNI | REYKJAVÍK | 141 | HAFNSÖGU/DRÁTTAI | 11.038 | 22.090 | 100,1 |
| 1143 | SÆBERG | HAFNARFJÖRÐUR | 146 | FISKISKIP | 11.398 | 22.811 | 100,1 |

| skipnr | Nafn skips | Heimahöfn | bruttoton | Notkunarteg | Frá 2002 | Frumvarp | í % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1170 | PÁLL Á BAKKA | BOLUNGARVÍK | 146 | FISKISKIP | 11.409 | 22.833 | 100,1 |
| 1264 | SÆMUNDUR | GRINDAVÍK | 147 | FISKISKIP | 11.502 | 23.020 | 100,1 |
| 2378 | SÆVAR | HRÍSEY | 149 | FARÞEGASKIP | 11.652 | 23.319 | 100,1 |
| 2684 | PAPEY | DJÚPIVOGUR | 152 | FLUTNINGA/BRUNNS | 11.868 | 23.750 | 100,1 |
| 1639 | HANS JAKOB | SANDGERÐI | 154 | FISKISKIP | 12.023 | 24.062 | 100,1 |
| 2273 | LÓÐSINN | VESTMANNAEYJAR | 156 | DRÁTTARSKIP | 12.199 | 24.414 | 100,1 |
| 2468 | KRISTINN | ÓLAFSVÍK | 158 | FISKISKIP | 12.324 | 24.664 | 100,1 |
| 1964 | SÆFARI | ÞORLÁKSHÖFN | 159 | FISKISKIP | 12.434 | 24.884 | 100,1 |
| 2313 | ÖRN | KEFLAVÍK | 159 | FISKISKIP | 12.434 | 24.884 | 100,1 |
| 1324 | VALUR | SÚÐAVÍK | 160 | FISKISKIP | 12.478 | 24.971 | 100,1 |
| 1458 | GULLTOPPUR | GRINDAVÍK | 160 | FISKISKIP | 12.502 | 25.020 | 100,1 |
| 2380 | LAGARFLJÓTSORMURI | EGILSSTAÐIR | 160 | FARÞEGASKIP | 12.512 | 25.040 | 100,1 |
| 0046 | MOBY DICK | REYKJANESBÆR | 160 | FARÞEGASKIP | 12.512 | 25.040 | 100,1 |
| 0151 | MARÍA JÚLÍA | PATREKSFJÖRÐUR | 161 | FISKISKIP | 12.590 | 25.197 | 100,1 |
| 2511 | HAFSÚLAN | REYKJAVÍK | 169 | FARÞEGASKIP | 13.195 | 26.408 | 100,1 |
| 1496 | MÓÐI | REYKJAVÍK | 171 | FLOTBRYGGJA | 13.372 | 26.762 | 100,1 |
| 1204 | JÓN GUNNLAUGS | ÞORLÁKSHÖFN | 175 | FISKISKIP | 13.701 | 27.419 | 100,1 |
| 1054 | SVEINBJÖRN JAKOBSS | ÓLAFSVÍK | 176 | FISKISKIP | 13.730 | 27.478 | 100,1 |
| 2777 | ÍSAFOLD | HAFNARFJÖRÐUR | 178 | FARÞEGASKIP | 13.895 | 27.808 | 100,1 |
| 1751 | HÁSTEINN | STOKKSEYRI | 180 | FISKISKIP | 14.106 | 28.229 | 100,1 |
| 1246 | EGILL | ÓLAFSVÍK | 183 | FISKISKIP | 14.311 | 28.640 | 100,1 |
| 1074 | VALBERG | VESTMANNAEYJAR | 184 | FISKISKIP | 14.353 | 28.724 | 100,1 |
| 0994 | ÁRNES | REYKJAVÍK | 185 | FARÞEGASKIP | 14.467 | 28.953 | 100,1 |
| 1400 | KARLSEY | REYKHÓLAR | 185 | VINNUSKIP | 14.467 | 28.953 | 100,1 |
| 1574 | DRÖFN | REYKJAVÍK | 186 | RANNSÓKNARSKIP | 14.522 | 29.062 | 100,1 |
| 0177 | ADOLF | REYKJAVÍK | 187 | FISKISKIP | 14.598 | 29.215 | 100,1 |
| 1146 | SIGLUNES | SIGLUFJÖRÐUR | 187 | FISKISKIP | 14.615 | 29.248 | 100,1 |
| 0173 | SIGURÐUR ÓLAFSSON | HORNAFJÖRÐUR | 189 | FISKISKIP | 14.745 | 29.510 | 100,1 |
| 1236 | STEINUNN | AKRANES | 190 | FISKISKIP | 14.828 | 29.676 | 100,1 |
| 1426 | GUÐMUNDUR JENSSO | ÓLAFSVÍK | 190 | FISKISKIP | 14.857 | 29.733 | 100,1 |
| 2427 | SÆRÚN | STYKKISHÓLMUR | 194 | FARÞEGASKIP | 15.171 | 30.361 | 100,1 |
| 0162 | POLARIS | REYKJAVÍK | 194 | VINNUSKIP | 15.172 | 30.364 | 100,1 |
| 1399 | HAUKABERG | GRUNDARFJÖRÐUR | 195 | FISKISKIP | 15.243 | 30.505 | 100,1 |
| 0219 | PORTLAND | VESTMANNAEYJAR | 195 | FISKISKIP | 15.247 | 30.513 | 100,1 |
| 2408 | GEIR | ÞÓRSHÖFN | 196 | FISKISKIP | 15.327 | 30.674 | 100,1 |
| 2523 | GRETTIR | REYKJAVÍK | 197 | PRAMMI | 15.405 | 30.831 | 100,1 |
| 0100 | SKÁLAFELL | ÞORLÁKSHÖFN | 200 | FISKISKIP | 15.640 | 31.300 | 100,1 |
| 1304 | ÓLAFUR BJARNASON | ÓLAFSVÍK | 201 | FISKISKIP | 15.693 | 31.406 | 100,1 |
| 1674 | SÓLEY | GRUNDARFJÖRÐUR | 201 | FISKISKIP | 15.718 | 31.457 | 100,1 |
| 1043 | JÓHANNA | ÞORLÁKSHÖFN | 212 | FISKISKIP | 16.578 | 33.178 | 100,1 |
| 2022 | REYNIR | REYKJAVÍK | 220 | DÝPKUNARSKIP | 17.167 | 34.356 | 100,1 |
| 1743 | SIGURFARI | GARÐUR | 225 | FISKISKIP | 17.595 | 35.213 | 100,1 |
| 0067 | HERA | HÚSAVÍK | 229 | FISKISKIP | 17.877 | 35.777 | 100,1 |
| 1343 | MAGNÚS | HELLISSANDUR | 231 | FISKISKIP | 18.091 | 36.205 | 100,1 |
| 1379 | ERLINGUR | HORNAFJÖRÐUR | 232 | FISKISKIP | 18.142 | 36.308 | 100,1 |
| 1424 | ÞÓRSNES II | STYKKISHÓLMUR | 233 | FISKISKIP | 18.230 | 36.483 | 100,1 |
| 1134 | STEINUNN | ÓLAFSVÍK | 236 | FISKISKIP | 18.455 | 36.934 | 100,1 |
| 1664 | STÍGANDI | VESTMANNAEYJAR | 237 | FISKISKIP | 18.552 | 37.128 | 100,1 |
| 1629 | FARSÆLL | GRUNDARFJÖRÐUR | 237 | FISKISKIP | 18.562 | 37.147 | 100,1 |
| 1321 | GEIR | KEFLAVÍK | 242 | FISKISKIP | 18.956 | 37.936 | 100,1 |
| 2017 | HELGI | GRUNDARFJÖRÐUR | 243 | FISKISKIP | 19.003 | 38.030 | 100,1 |
| 1135 | ARNARBERG | ÞORLÁKSHÖFN | 244 | FISKISKIP | 19.046 | 38.117 | 100,1 |
| 1622 | ÞORVARÐUR LÁRUSS( | GRUNDARFJÖRÐUR | 251 | FISKISKIP | 19.595 | 39.216 | 100,1 |
| 2446 | ÞORLÁKUR | BOLUNGARVÍK | 251 | FISKISKIP | 19.628 | 39.282 | 100,1 |
| 0120 | KAMBARÖST | REYKJAVÍK | 252 | FISKISKIP | 19.677 | 39.380 | 100,1 |
| 1014 | ÁRSÆLL | ÞORLÁKSHÖFN | 253 | FISKISKIP | 19.750 | 39.526 | 100,1 |
| 1202 | GRUNDFIRÐINGUR | GRUNDARFJÖRÐUR | 255 | FISKISKIP | 19.941 | 39.908 | 100,1 |
| 0964 | STAFNES | KEFLAVÍK | 257 | FISKISKIP | 20.108 | 40.241 | 100,1 |
| 0072 | KRISTINN LÁRUSSON | SANDGERÐI | 258 | FISKISKIP | 20.176 | 40.377 | 100,1 |
| 2040 | ÞINGANES | HORNAFJÖRÐUR | 262 | FISKISKIP | 20.488 | 41.003 | 100,1 |
| 1686 | VALBJÖRN | BOLUNGARVÍK | 263 | FISKISKIP | 20.583 | 41.192 | 100,1 |
| 0245 | STEINUNN FINNBOGAL | REYKJAVÍK | 269 | FISKISKIP | 21.047 | 42.120 | 100,1 |

| skipnr | Nafn skips | Heimahöfn | bruttoton | Notkunarteg | Frá 2002 | Frumvarp | í % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1084 | FRIÐRIK SIGURÐSSON | ÞORLÁKSHÖFN | 271 | FISKISKIP | 21.199 | 42.426 | 100,1 |
| 0256 | KRISTRÚN II | REYKJAVÍK | 274 | FISKISKIP | 21.400 | 42.828 | 100,1 |
| 1612 | HALLGRÍMUR | BÍLDUDALUR | 275 | SKUTTOGARI | 21.485 | 42.998 | 100,1 |
| 0089 | GRÍMSNES | GRINDAVÍK | 277 | FISKISKIP | 21.648 | 43.324 | 100,1 |
| 0239 | KRISTBJÖRG | HAFNARFJÖRÐUR | 290 | FISKISKIP | 22.692 | 45.413 | 100,1 |
| 7513 | MIKAEL I | REYKJAVÍK | 292 | PRAMMI | 22.834 | 45.698 | 100,1 |
| 1595 | FRÁR | VESTMANNAEYJAR | 292 | FISKISKIP | 22.839 | 45.707 | 100,1 |
| 0182 | VESTRI | PATREKSFJÖRÐUR | 293 | FISKISKIP | 22.919 | 45.867 | 100,1 |
| 0259 | MARGRÉT | HAFNARFJÖRÐUR | 301 | FISKISKIP | 23.561 | 47.152 | 100,1 |
| 0971 | GUÐRÚN GUÐLEIFSDÓ | SÚÐAVÍK | 303 | FISKISKIP | 23.733 | 47.496 | 100,1 |
| 0091 | ÞÓRIR | HORNAFJÖRÐUR | 306 | FISKISKIP | 23.948 | 47.927 | 100,1 |
| 1019 | SIGURBORG | GRUNDARFJÖRÐUR | 317 | FISKISKIP | 24.789 | 49.611 | 100,1 |
| 0168 | AÐALVÍK | ÓLAFSVÍK | 319 | FISKISKIP | 24.915 | 49.861 | 100,1 |
| 0237 | FJÖLNIR | DJÚPIVOGUR | 319 | FISKISKIP | 24.933 | 49.898 | 100,1 |
| 0084 | GANDÍ | VESTMANNAEYJAR | 321 | FISKISKIP | 25.089 | 50.210 | 100,1 |
| 2449 | STEINUNN | HORNAFJÖRÐUR | 327 | FISKISKIP | 25.542 | 51.116 | 100,1 |
| 2433 | SMÁEY | VESTMANNAEYJAR | 327 | FISKISKIP | 25.542 | 51.116 | 100,1 |
| 1056 | ARNAR | ÞORLÁKSHÖFN | 328 | FISKISKIP | 25.652 | 51.337 | 100,1 |
| 1009 | RÖST | SAUÐÁRKRÓKUR | 334 | FISKISKIP | 26.119 | 52.271 | 100,1 |
| 0253 | HAMAR | RIF | 344 | FISKISKIP | 26.901 | 53.836 | 100,1 |
| 0968 | GLÓFAXI | VESTMANNAEYJAR | 349 | FISKISKIP | 27.292 | 54.619 | 100,1 |
| 0078 | ÍSBORG | ÍSAFJÖRÐUR | 356 | FISKISKIP | 27.839 | 55.714 | 100,1 |
| 2773 | FRÓÐI II | STOKKSEYRI | 356 | FISKISKIP | 27.855 | 55.745 | 100,1 |
| 2048 | DRANGAVÍK | VESTMANNAEYJAR | 356 | FISKISKIP | 27.877 | 55.789 | 100,1 |
| 1063 | KÓPUR | TÁLKNAFJÖRÐUR | 357 | FISKISKIP | 27.917 | 55.871 | 100,1 |
| 2403 | HVANNEY | HORNAFJÖRÐUR | 357 | FISKISKIP | 27.946 | 55.927 | 100,1 |
| 1591 | NÚPUR | PATREKSFJÖRÐUR | 358 | FISKISKIP | 27.996 | 56.027 | 100,1 |
| 0967 | MARTA ÁGÚSTSDÓTTI | GRINDAVÍK | 360 | FISKISKIP | 28.148 | 56.332 | 100,1 |
| 2749 | HELGA | REYKJAVÍK | 362 | FISKISKIP | 28.316 | 56.669 | 100,1 |
| 1039 | ODDGEIR | GRENIVÍK | 366 | FISKISKIP | 28.600 | 57.237 | 100,1 |
| 0233 | ERLING | REYKJANESBÆR | 367 | FISKISKIP | 28.663 | 57.362 | 100,1 |
| 2305 | LAUGARNES | REYKJAVÍK | 372 | OLÍUSKIP | 29.090 | 58.218 | 100,1 |
| 1136 | RIFSNES | RIF | 373 | FISKISKIP | 29.132 | 58.301 | 100,1 |
| 0962 | ÓSKAR | REYKJAVÍK | 380 | FISKISKIP | 29.690 | 59.418 | 100,1 |
| 2731 | ÞÓRIR | HORNAFJÖRÐUR | 383 | FISKISKIP | 29.962 | 59.963 | 100,1 |
| 2732 | SKINNEY | HORNAFJÖRÐUR | 383 | FISKISKIP | 29.962 | 59.963 | 100,1 |
| 1028 | SAXHAMAR | RIF | 391 | FISKISKIP | 30.611 | 61.260 | 100,1 |
| 0972 | KRISTÍN | HÚSAVÍK | 401 | FISKISKIP | 31.357 | 62.753 | 100,1 |
| 1030 | PÁLL JÓNSSON | GRINDAVÍK | 402 | FISKISKIP | 31.447 | 62.933 | 100,1 |
| 7471 | HRAPPUR | REYKJAVÍK | 406 | PRAMMI | 31.749 | 63.539 | 100,1 |
| 1402 | PERLA | REYKJAVÍK | 410 | DÝPK. OG SANDSKIP | 32.062 | 64.165 | 100,1 |
| 1483 | SKEIÐFAXI | AKRANES | 415 | VÖRUFLUTNINGASKI | 32.453 | 64.948 | 100,1 |
| 0975 | SIGHVATUR | GRINDAVÍK | 436 | FISKISKIP | 34.063 | 68.170 | 100,1 |
| 2025 | BYLGJA | VESTMANNAEYJAR | 437 | FISKISKIP | 34.208 | 68.459 | 100,1 |
| 2404 | FOSSÁ | ÞÓRSHÖFN | 444 | FISKISKIP | 34.721 | 69.486 | 100,1 |
| 0117 | HVALUR 8 | REYKJAVÍK | 461 | HVALVEIÐISKIP | 36.046 | 72.139 | 100,1 |
| 0264 | GULLHÓLMI | STYKKISHÓLMUR | 471 | FISKISKIP | 36.845 | 73.738 | 100,1 |
| 1416 | HAFURSEY | VESTMANNAEYJAR | 475 | FISKISKIP | 37.118 | 74.284 | 100,1 |
| 1905 | BERGLÍN | GARÐUR | 477 | SKUTTOGARI | 37.301 | 74.651 | 100,1 |
| 1645 | JÓN Á HOFI | ÞOLÁKSHÖFN | 478 | FISKISKIP | 37.373 | 74.794 | 100,1 |
| 2685 | HRINGUR | GRUNDARFJÖRÐUR | 481 | FISKISKIP | 37.635 | 75.319 | 100,1 |
| 2758 | DALA-RAFN | VESTMANNAEYJAR | 486 | FISKISKIP | 37.979 | 76.007 | 100,1 |
| 2444 | VESTMANNAEY | VESTMANNAEYJAR | 486 | SKUTTOGARI | 37.979 | 76.007 | 100,1 |
| 2740 | VÖRÐUR | GRENIVÍK | 486 | SKUTTOGARI | 37.979 | 76.007 | 100,1 |
| 2744 | BERGEY | VESTMANNAEYJAR | 486 | SKUTTOGARI | 37.979 | 76.007 | 100,1 |
| 2020 | SUÐUREY | VESTMANNAEYJAR | 497 | FISKISKIP | 38.839 | 77.727 | 100,1 |
| 7487 | PÉTUR MIKLI | REYKJAVÍK | 497 | PRAMMI | 38.865 | 77.781 | 100,1 |
| 1006 | TÓMAS ÞORVALDSSON | GRINDAVÍK | 504 | FISKISKIP | 39.402 | 78.854 | 100,1 |
| 2691 | SÆFARI | GRÍMSEY | 507 | FARÞEGASKIP | 39.675 | 79.400 | 100,1 |
| 1337 | SKAFTI | HAFNARFJÖRÐUR | 508 | SKUTTOGARI | 39.755 | 79.560 | 100,1 |
| 1481 | SÓLEY SIGURJÓNS | GARÐUR | 515 | SKUTTOGARI | 40.286 | 80.624 | 100,1 |
| 2190 | EYBORG | HRÍSEY | 522 | SKUTTOGARI | 40.836 | 81.724 | 100,1 |

| skipnr | Nafn skips | Heimahöfn | bruttoton | Notkunarteg | Frá 2002 | Frumvarp | í % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1441 | MARZ | AKRANES | 526 | SKUTTOGARI | 41.133 | 82.319 | 100,1 |
| 1752 | BRYNJÓLFUR | VESTMANNAEYJAR | 531 | SKUTTOGARI | 41.562 | 83.177 | 100,1 |
| 1597 | NÓRI | REYKJAVÍK | 549 | FLOTBRYGGJA | 42.932 | 85.919 | 100,1 |
| 1435 | STAPAEY | DJÚPIVOGUR | 562 | SKUTTOGARI | 43.943 | 87.942 | 100,1 |
| 2354 | VALDIMAR | VOGAR | 569 | FISKISKIP | 44.496 | 89.049 | 100,1 |
| 2677 | BERGUR | VESTMANNAEYJAR | 569 | FISKISKIP | 44.526 | 89.110 | 100,1 |
| 0997 | HVALUR 9 | REYKJAVÍK | 573 | HVALVEIÐISKIP | 44.840 | 89.737 | 100,1 |
| 1062 | KAP II | VESTMANNAEYJAR | 575 | FISKISKIP | 44.987 | 90.031 | 100,1 |
| 2747 | GULLBERG | VESTMANNAEYJAR | 600 | SKUTTOGARI | 46.886 | 93.831 | 100,1 |
| 1401 | ÁGÚST | GRINDAVÍK | 601 | FISKISKIP | 46.998 | 94.057 | 100,1 |
| 0229 | THOR | REYKJAVÍK | 615 | SKÓLASKIP | 48.080 | 96.221 | 100,1 |
| 1327 | GUNNBJÖRN | BOLUNGARVÍK | 620 | SKUTTOGARI | 48.471 | 97.003 | 100,1 |
| 2067 | FROSTI | GRENIVÍK | 624 | FISKISKIP | 48.829 | 97.720 | 100,1 |
| 1060 | SÚLAN | AKUREYRI | 651 | FISKISKIP | 50.908 | 101.882 | 100,1 |
| 1509 | ÁSBJÖRN | REYKJAVÍK | 652 | SKUTTOGARI | 50.986 | 102.038 | 100,1 |
| 1476 | BJÖRGÚLFUR | DALVÍK | 658 | SKUTTOGARI | 51.456 | 102.977 | 100,1 |
| 1278 | BJARTUR | NESKAUPSTAÐUR | 663 | SKUTTOGARI | 51.874 | 103.814 | 100,1 |
| 1451 | STEFNIR | ÍSAFJÖRÐUR | 668 | SKUTTOGARI | 52.238 | 104.542 | 100,1 |
| 1272 | STURLA | GRINDAVÍK | 672 | FISKISKIP | 52.514 | 105.096 | 100,1 |
| 1661 | GULLVER | SEYÐISFJÖRÐUR | 674 | SKUTTOGARI | 52.707 | 105.481 | 100,1 |
| 2158 | TJALDUR | RIF | 689 | FISKISKIP | 53.892 | 107.854 | 100,1 |
| 2159 | ÖRVAR | RIF | 689 | FISKISKIP | 53.892 | 107.854 | 100,1 |
| 1076 | JÓHANNA GÍSLADÓTTI | ÞINGEYRI | 704 | FISKISKIP | 55.086 | 110.243 | 100,1 |
| 1585 | STURLAUGUR H BÖÐV | AKRANES | 712 | SKUTTOGARI | 55.678 | 111.428 | 100,1 |
| 1492 | DRANGEY | SAUÐÁRKRÓKUR | 735 | SKUTTOGARI | 57.447 | 114.966 | 100,1 |
| 2262 | SÓLEY SIGURJÓNS | GARÐUR | 737 | SKUTTOGARI | 57.640 | 115.355 | 100,1 |
| 2128 | DAGUR II | REYKJAVÍK | 741 | PRAMMI | 57.937 | 115.948 | 100,1 |
| 1472 | KLAKKUR | GRUNDARFJÖRÐUR | 745 | SKUTTOGARI | 58.236 | 116.547 | 100,1 |
| 1610 | ÍSLEIFUR | VESTMANNAEYJAR | 756 | FISKISKIP | 59.119 | 118.314 | 100,1 |
| 2774 | KRISTRÚN | REYKJAVÍK | 765 | FISKISKIP | 59.821 | 119.719 | 100,1 |
| 2724 | QUE SERA SERA | HAFNARFJÖRÐUR | 766 | FISKISKIP | 59.908 | 119.893 | 100,1 |
| 2154 | MARS | REYKJAVÍK | 791 | SKUTTOGARI | 61.841 | 123.760 | 100,1 |
| 1281 | MÚLABERG | SIGLUFJÖRÐUR | 808 | SKUTTOGARI | 63.186 | 126.452 | 100,1 |
